



## Dagskrá sjómannadagshelgarinnar í Grundarfirði 2020

### Fimmtudagur 4. júní

**Kl. 16:00** Skeetmót á félagsvæði Skotgrundar í Hrafnkelsstaðarbotni. Einstaklings- og liðakeppni þar sem sjómenn etja kappi við landkrabba, en samanlagt skor úr keppni einstaklinga telur í liðakeppninni.

Staðan í liðakeppninni er 4 - 3 landkröbbum í vil. Vinna landkrabbar þriðja árið í röð?

Skráning hjá Jóni Pétri formanni Skotgrundar í síma 863-1718. Nánari upplýsingar á heimasíðu félagsins á [www.skotgrund.123.is](http://www.skotgrund.123.is)

### Föstudagur 5. júní

**Kl. 09:30** Heimsækja sjómenn Leikskólann Sólvelli og heilsa upp á krakkana og hafa með sér í farteskinu fjöldann allan af fiskum til að kynna fyrir ungu kynslóðinni. Boðið verður að sjálfsgöðu upp á harðfisk með smjöri og skorað svo að venju á krakkana í reiptogskeppni.

**Kl. 15:00** Sundlaugafjör fyrir krakka 10 ára og eldri. Fatasund, koddaslagur, kararóður og fleira.

**Kl. 17:30** Hið árlega og ómissandi Sjómannadagsgolfmót á Bárarvelli í boði G.RUN.

Spilaðar verða 9 holur með fjögurra manna Texas-Scramble fyrirkomulagi.

Léttar veitingar í boði mótshaldara að móti loknu. Skráning á [www.golf.is](http://www.golf.is) eða á [annamaria@grun.is](mailto:annamaria@grun.is)

### Laugardagur 6. júní

**Kl. 08:00** Fánar dregnir að húni á hátíðarsvæðinu við höfnina.

**Kl. 11:00** Krakkasprell í Vélsmiðju Grundarfjarðar í Ártúni. Hoppukastalar og leiktæki ásamt glaðningi fyrir börnin.

**Kl. 12:00** Hátíðarsigling. Runólfur SH sér um hátíðarsiglinguna í ár. Lagt verður stundvíslega úr höfn og siglt um fjörðinn út að Melrakkaey.

**Kl. 13:00** Hátíðarhöld á hafnarsvæðinu hefjast:

- Boðið verður upp á léttu hressingu í boði Kjörbúðarinnar.
- Að hressingunni lokinni hefjast keppnisgreinar og þrautabrautir við hafnarvogina. Hvert lið er skipað fjórum einstaklingum, en liðið þarf **ekki** að vera skipað vönum sjómönnum.
- Reiptogskeppni um Pétursbikarinn. Farsælmenn hafa titil að verja eftir frækilegan sigur í fyrra. Mæta þeir jafn sterkir til leiks í ár?
- Hreystigreið! Ný keppnisgrein verður kynnt til leiks í ár. Vegleg verðlaun í boði 66°N, Box7 og Orkunnar.

Við hvetjum því sem flesta að taka þátt og skorum sérstaklega á vinnustaðina og útgerðirnar í bænum að skrá lið til leiks.

Skráning hjá Hlyni Sigurðs í síma 694-8532 og á staðnum.

**Kl. 15:00** Fótboltaleikur í íþróttahúsinu. Sjómenn etja kappi við konur sínar, mæður, systur og dætur í æsispennandi kappleik þar sem stelpurnar mæta í fullum skróða, en sjómenn leika í ullarsokkum.

Í hálfleik verður verðlaunaafhending frá liðakeppninni við höfnina.

## Sunnudagur 7. júní. Sjómannadagur

**Kl. 08:00** Fánar dregnir að húni.

**Kl. 12:00** Leikhópurinn Lotta og sýningin Bakkabræður í Þríhyrningnum í boði sjómannadagsráðs.

Frítt fyrir alla þá sem bera merki sjómannadagsins.

**Kl. 13:00** Kvenfélagið Gleym mér ei heldur kökubasar í Samkomuhúsi Grundarfjarðar til kl. 16:00. Fjölskyldur og vinir eru hvattir til að sameinast um kaup á tertum og bakkelsi frá kvenfélaginu og njóta þess saman heima við. Hefðbundið sjómannadagskaffi verður ekki því ekki haldið í ár.

**Kl. 14:00** Sjómannadagsguðþjónusta í Grundarfjarðarkirkju. Sr. Aðalsteinn Þorvaldsson messar og karlakórinn Kári syngur.

Guðmundur Guðmundsson og Víðir Jóhannsson fyrrum sjómenn verða heiðraðir fyrir störf sín og sæmdir heiðursmerki sjómannadagsráðs Grundarfjarðar. Að guðþjónustu lokinni verður stutt athöfn við styttuna Sýn þar sem blómsveigur verður lagður til minningar um látna sjómenn.

**Styrktaraðilum þökkum við veittan stuðning og óskum ykkur öllum góðrar helgar**

